



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 2 starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtudaginn 31. október 2013 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði í Hótel Staðarborg, Breiðdalshreppi. Fundarstaður: Hótel Staðarborg.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Jón Björn Hákonarson, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Almenningsamgöngur

Undir þessum lið mætti Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, fulltrúi nýsköpunar- og þróunarviðs hjá Austurbrú á fundinn.

- a) Farið var yfir tillögu frá Eyþingi um uppgjör á leið 56 milli SSA og Eyþings. Eftirfarandi samþykkt var gerð:
„Stjórn SSA tók fyrir á fundi sínum þann 31. október sl. tillögu Eyþings um uppgjör á leið 56 milli Akureyrar og Egilsstaða. Þegar almenningsamgöngur voru færðar yfir til landhlutana frá Vegagerðinni 1. janúar 2012 var það niðurstaðan að Eyþing tæki að sér legginn Akureyri – Egilsstaðir gegn því að fá hlut SSA í leið 56 eins og Vegagerðin mat hann eða um 42 % af áætluðum heildarkostnaði. Eyþing hefur skipulagt aksturinn, sé um alla samninga og framkvæmd verksins, án aðkomu SSA. SSA hefur lagt umtalsverða fjármuni í þróun almenningsamgangna á Austurlandi. Auk þess hefur SSA borið kostnað af málaferlum og lögbannskröfu sem fram var sett. Það mál er enn óútkljáð. Af þeim ástæðum meðal annars, getur SSA ekki komið með meira fjármagn að leið 56 Akureyri-Egilsstaðir. „
- b) Lagðar voru fyrir fundinn ábendingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga við frumvarp um farþegaflutninga á landi. Stjórnin samþykkti að taka undir ábendingarnar Sambandsins.
- c) Formaður greindi frá því að mál SSA gegn Sterna Travel verði tekið á dagskrá Hæstaréttar 22. nóvember nk.

2. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 14. september 2013. Fundargerðin samþykkt
- b) Framkvæmdaráðs SSA dags. 15. október 2013. Fundargerðin samþykkt

- c) Stjórnar FV dags. 16. ágúst og 6. september 2013, ásamt fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks og ályktana 58. Fjórðungspings Vestfirðinga. Lagt fram til kynningar
- d) Stjórnar SSV dags. 19. ágúst og 12. september 2013, auk ályktana aðalfundar SSV. Lagt fram til kynningar
- e) Stjórnar SSNV dags. 27. ágúst og 16. september 2013, auk fundargerðar stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks. Lagt fram til kynningar
- f) Stjórnar Eypings 244. 245. og 246. Fundar, auk ályktana aðalfundar Eypings. Lagt fram til kynningar
- g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 808. Fundar. Lögð fram til kynningar
- h) Stjórnar SASS 469. 470. 471. og 472. Fundar. Lagðar fram til kynningar
- i) Aðalfundar HAUST dags. 9 október 2013, ásamt fylgigögnum. Lagt fram til kynningar
- j) Stjórnar Haust 112. Fundar. Lögð fram til kynningar

3. Umsagnir um frumvörp/þingsályktunartillögu:

- a) Um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi. Ákveðið að gefa ekki umsögn um málið
- b) Um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Ákveðið að gefa ekki umsögn um málið

4. Erindi til stjórnar SSA:

- a) Stjórnin samþykkti að framlög sveitarfélaga á Austurlandi til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands fyrir árið 2014 verði kr. 821,- pr/íbúa. Þá var fulltrúa sveitarstjórnarmála falið að rita sveitarfélögum á Austurlandi bréf og kanna vilja þeirra til stofnunar nýs Atvinnuþróunarsjóðs á grundvelli tillagna sem aðalfundur SSA samþykkti í september sl. Sjóðurinn tæki til starfa 1. janúar 2014

5. Bréf til stjórnar SSA:

- a) Kynnt var bréf frá Skipulagsstofnun þar sem boðið er til málþings dagana 11. – 13. nóvember um málefni hafsins á Grand Hótel Reykjavík. Samþykkt að bjóða fulltrúa úr stjórn að sækja þingið
- b) Farið var yfir greinargerð stýringar Stjórnarráðsins um framkvæmd og eftirfylgni með samningum um sóknaráætlanir landshluta árið 2013. Stjórnin samþykkti að við uppgjör á verkefninu verði gerð grein fyrir mótframlagi landshlutans til verkefnisins
- c) Mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra hvetja skóla og aðrar stofnanir, sem og alla landsmenn til að nýta 8. nóvember til að hugleiða hvernig hægt er að stuðla m.a. að jákvæðara samfélagi fyrir alla
- d) Umhverfis- og auðlindaráðherra boðar til Umhverfispings föstudaginn 8. nóvember í Hörpu



- e) Lagðar voru fyrir fundinn til kynningar ályktanir sem samþykktar voru á landsþingi Landssamtakanna Þroskahjálpar 11. og 12. október sl.

6. Önnur mál:

- a) Kynnt drög að samstarfssamningi milli Austurbrúar og SSA. Framkvæmdaráði SSA falið að vinna málið áfram og bera það undir hlutaðeigandi aðila og leggja það í framhaldinu undir stjórnir SSA og Austurbrúar til afgreiðslu.
- b) Stjórn SSA fagnar samkomulagi sem gert hefur verið um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Stjórnin leggur áherslu á að í þeirri vinnu sem framundan er, sé aðkoma sveitarfélaga tryggð, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir landsmenn alla
- c) Valdimar O. Hermannsson og Ólafur Áki Ragnarsson gerðu grein fyrir fundi með fjárlaganefnd 29. október. Auk fundar með fjárlaganefnd áttu þeir fundi með fulltrúum úr Velferðarráðuneytinu, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, útvarpsstjóra og þingmönnum kjördæmisins
- d) Ásta Kristín Sigurjónsdóttir fór yfir dagskrá atvinnumálaráðstefnu sem haldinn verður dagana 4. til 8. nóvember nk. Ráðstefnan er hluti af verkefnum sem komu í gegnum sóknaráætlun Austurlands

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 15:30
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.